

# Félag eldri borgara á Akureyri

## Stjórnarfundur EBAK 16. febr. 2018

### 10. fundargerð

**Mættir:** Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson og Kolbrún Kristjánsdóttir.

**Fjarverandi:** Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir, Jón Aðalsteinn Baldvinsson og Egill Jónsson.

- Fundarsetning:** Formaður setti 10. stjórnarfund EBAK kl. 12 þann 16. febrúar 2018.
- Fundargerðir** stjórnar, sú 8. frá 11. desember 2017 var samþykkt en sú 9. frá 16. janúar 2018 þarf lagfæringar við og var frestað.
- Dagbók** á skrifstofu var skoðuð og færslur ræddar. Halldór var 17. janúar. Starfsmaður frá Tengi hf. á Akureyri kom og hitti Halldór á skrifstofunni. Halldór hafði áður haft samband við Símann hf. vegna lélegrar síma- og nettengingar á skrifstofu EBAK. Starfsmaðurinn skoðaði tengingar í inntaksskápnum og fann þar ljósleiðaratengingu sem hann ætlar að tengja við skrifstofuna. EBAK verður eftir það viðskiptavinur Tengis hf. á Akureyri.  
24. janúar var enginn í viðveru. 31. janúar var Halldóra. Emil Björnsson frá Símei kom og ræddi um hvort EBAK gæti kynnt félagið á starfslokanámskeiði Einingar-Iðju í apríl.  
7. febrúar var enginn í viðveru. 14. febrúar var Garðar.
- Upplýsingar um verkefni og fleira milli stjórnarfunda.**
  - Opinn kynningarfundur fræðslunefndar og stjórnar EBAK 23. janúar kl. 16.30 – 18. Um 80 manns mættu á fundinn þrátt fyrir erfiða færð og leiðindaveður. Tilgangur fundarins var að kynna félagsmönnum og öðrum eldri borgurum á Akureyri og í nágrenni, það fjölbreytta tómstunda- og félagsstarf, sem EBAK og Akureyrarbær bjóða aldurshópnum 60+ upp á í félagsmiðstöðvunum í Bugðusíðu og Víðilundi. Halldór Gunnarsson og Hallgrímur Gíslason kynntu starfsemi félagsins, en auk þeirra kynnti Hólmfríður Guðmundsdóttir starf fræðslunefndar og Birgir Sveinbjörnsson starf skemmtinefndar. Rósa Matthíasdóttir fjallaði um það tómstunda- og félagsstarf sem Akureyrarbær býður upp á í Bugðusíðu og Víðilundi. Ánægja var með fundinn og margir nefndu að halda þyrfti svona fund árlega, helst í byrjun október.
  7. febrúar var haldinn fundur þriggja stjórnarmanna EBAK og fulltrúa EBAK í öldungaráði Akureyrarbæjar með Bergdís Ösp Bjarkadóttur þjónustustjóra heimaþjónustu Akureyrarbæjar, Friðnýju B. Sigurðardóttur forstöðumanni stoðþjónustu Öldrunarheimila Akureyrarbæjar og Deborah Júlíu Robinson iðjuþjálfara HSN. Fundarefnið var að meta reynslu af tilraunaverkefni um upplýsingagjöf til eldra fólks og aðstandenda. Ráðgjöfin var veitt bæði í Víðilundi og Bugðusíðu. Flestir komu í fyrstu ráðgjafartímana eftir auglýsingu en aðsóknin var lítil í heildina. Ákveðið var halda áfram næstu þrjú mánuði með ráðgjöf í þrjú skipti í allt. EBAK greiðir kostnað vegna auglýsinga í Dagskránni. Þá mun EBAK setja auglýsingarnar á heimasíðu og fésbókarhóp félagsins. Að lokum var fundarmönnum boðið í kynningu á ÖA í Hlíð, þriðjudaginn 20. febrúar nk. kl. 14.
  - Upplýsingar frá uppstillinganefnd, fyrstu drög að lista yfir fólk í stjórn og nefndir komin.
  - Fundur FKR og öldungaráðs Akureyrarbæjar 8. febrúar sl. Mikilvægt að eiga slíka fundi a.m.k. tvisvar á ári. Í undirbúningi er opinn fundur í lok apríl, sameiginlegt verkefni EBAK og öldungaráðs. Fundarefni líklega heilsuefning og upplýsingar um þjónustu Akureyrarbæjar.
  - Halldór sagði fréttir af fundi öldungaráðs Akureyrarbæjar að morgni 16. febrúar. Þar hafði Kristni Jakobi Reimarssyni verið falið að hafa samband við Reykjavíkurborg og skoða áhugavert

efni um nýjar forvarnarleiðir í öldrunarþjónustu, samanber ráðstefnuna „Rokkað inn á efri ár“ sem fram fór í Reykjavík 15. febrúar, þ.e. í gær. Hugsanlegt að halda svipaða ráðstefnu í Hofi eða HA. Haukur benti á að LEB hefur fjármagn til að styrkja heilsueflingu á vegum félaga eldri borgara út um land.

5. **Undirbúningur** að opnum fundi EBAK og öldungaráðs. Tímasetning, fundarefni, frummælendur og staðsetning (sjá minnisblað frá fundi EBAK og öldungaráðs frá 8. febr. sl.) Miðað er við að fundurinn verði seint í apríl og líkleg umfjöllunarefni eru heilsuefling, kjaramál aldraðra og öldrunarþjónusta Akureyrarbæjar.
6. **Niðurstöður** hópavinnu á haustfundi með nefndum og fleirum 22. nóv. 2017 teknar til umræðu og tiltekin verkefni sett á framkvæmdastig á vorönn.  
Eftirfarandi verkefni var rætt um að vinna að á vorönn 2018:
  - a) Stofnun kjararáðs félagsins. Formanni var falið að annast málið.
  - b) Efla samskipti félagsins og notendaráðs félagsmiðstöðvanna.
  - c) Efna til dansnámskeiðs fyrir félagsmenn og aðra eldri borgara. Dóru og Halldóri var falið að koma málinu af stað.
  - d) Ræða við ferðanefnd félagsins um fjölbreyttari ferðir erlendis.
  - e) Ræða formlega við skemmtinefnd félagsins um hvort þörf er fyrir bingónefnd.
  - f) Örnámskeið í matreiðslu í VMA. Garðari var falið að kanna málið.
  - g) EBAK og öldungaráð vinni að fjölgun bekkja í bænum og að salernisaðstaða verði sett upp í Krossanesborgum.
7. **Skoðun ársreikninga** og greiðslur félagsgjalda. Þarf að skoða betur fyrir næsta fund.  
Gjaldkeri sagði að greiðslur heimabankafólks væru í lagi. Hins vegar hefði gíróseðilgjaldið lent tvöfalt hjá þeim sem fengu gíróseðla og sumar kröfurnar stofnuðust ekki í kerfinu. Haukur, Dóra og Garðar tóku að sér að tala við fulltrúa Landsbankans. Garðar nefndi að EBAK þarf að auglýsa eftir upplýsingum frá félagsmönnum um netföng þeirra.
8. **Aðalfundur** EBAK 26. mars nk.
  - a) Undirbúningur að kosningu fulltrúa EBAK í öldungaráð Akureyrarbæjar.
  - b) Tillaga stjórnar og uppstillinganefndar um 2 skoðunarmenn reikninga.
  - c) Tillaga stjórnar um 2 fulltrúa í uppstillinganefnd.
  - d) Skýrslugerð stjórnar, e) lagabreytingar.
  - f) Ath. tímasetningar í lögum varðandi gögn sem liggja eiga frammi fyrir aðalfund s.s. uppstillingalistann vegna kosninga, reikninga félagsins o.fl. gögn.  
Þessum dagskrárlið var frestað til næsta fundar 27. febr.
9. **Afsláttarbók** LEB 2018. Safna þarf upplýsingum frá fyrirtækjum og stofnunum á svæði EBAK. Haukur upplýsti að búið væri að fresta útkomu bókarinnar.
10. **Breytingar** og/eða stækkun á húsrými félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusíðu þarf að ræða við fulltrúa Akureyrarbæjar á komandi mánuðum. Halldór tók að sér að koma með bókun um málið á næsta fundi stjórnar.
11. **Skil á ársskýrslu til LEB (sjá lög LEB)**. Margrét sér um að senda ársskýrsluna til LEB.
12. **Næsti** stjórnarfundur EBAK 27. febrúar nk. kl. 13:00 Uppstillinganefnd kemur á fundinn.  
Fundur FKR fimmtudag 22. febrúar kl.10.
13. **Viðvera** á skrifstofu. -14. febrúar: Dóra, 21. febrúar Garðar, 28. febrúar Haukur.
14. **Önnur mál.** a) Skipulag skrifstofu m.a. tiltekt. b) Möppur með ýmsum gögnum fyrir stjórnarmenn og formenn nefnda. c) Leiðsögn vegna tölvu- og hljóðkerfis í Bugðusíðu.  
d) Búfesti rædd á næsta fundi.